Tillögur frá aðalfundi Fonts til 30. aðalfundar LS

1. Fontur skorar á stjórnvöld að breyta lögum um stjórn fiskveiða þannig að heimilt verði að stunda strandveiðar 4 daga í viku tímabilið maí – ágúst. Aðrar reglur verði óbreyttar.

2. Fontur telur brýnt að auka markaðsstarf fyrir grásleppu. LS efli samstarf við aðrar veiðiþjóðir þar sem lögð verði áhersla á að framboð taki mið af markaðsaðstæðum.

3. Fontur mótmælir harðlega öllum tilburðum Hafrannsóknastofnunar við stjórn grásleppuveiða á grundvelli niðurstaðna úr togararalli.

4. Fontur skorar á stjórnvöld að lækka almennt veiðigjald og að fastur afsláttur af sérstöku veiðigjaldi verði hækkaður.

5. Fontur lýsir stuðningi við tillögur stjórnar LS um ívilnandi reglur um byggðakvóta. Félagið telur brýnt að koma á stöðugleika varðandi hann og úthlutun til sveitarfélaga verði óbreytt í 3 – 5 ár í senn.

6. Fontur tekur undir tillögu stjórnar LS frá 16. júlí um mótvægis-aðgerðir vegna breyttra reglna um stærðarmörk krókaaflamarks-báta.

7. Fontur skorar á innanríkisráðherra að beita sér fyrir því að breyta reglum um skoðun smábáta þannig að þær verði framkvæmdar annað hvert ár að undanskildum björgunarbát. Ennfremur að hraðað verði vinnu við mótun reglna um sjálfskoðun smábáta.

8. Fontur telur brýnt að LS hefji vinnu til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði fyrir grásleppu og grásleppuhrogn. Á það jafnt við upplýsingaöflun um verð og aðstoð við veiðimenn og einstök félög smábátaeigenda um sölu.

9. Fontur lýsir stuðningi við hvalveiðar.

10. Fontur leggur til að reglum um grásleppuleyfi verði breytt þannig að hægt verði að sameina tvö leyfi. Sameinað leyfi fjölgi veiðidögum hlutfallslega um 50%.